

# TILBÚINN AÐ LESA!

## LESTRARUMHVERFI HEIMA VIÐ – GÁTLISTI

### ER HEIMILIÐ ÞITT LESTRARVÆNT?

Þú ert fyrsti kennari barnsins þíns. Barnið fær fyrstu reynslu sína af bókum og lestri heima við.

Líttu í kringum þig og hugsaðu um hvað þú gerir með barninu þínu. Ef fullyrðing á gátlistanum er sönn merkir þú með x í satt en annars í ósatt ferninginn. Þegar þú hefur lokið við öll atriðin telurðu saman sönnu atriðin og skráir í þar tilgerðan reit. Notaðu niðurstöðuna til að sjá hvað þú getur gert fyrir barnið þitt.

Það sem barnið mitt á...	satt	ósatt
Barnið mitt á að minnsta kosti eina stafabók		
Barnið mitt á stafi með segli til að leika sér með		
Barnið mitt á vaxliti og blýanta til að skrifa með og teikna		
Barnið mitt á krittartöflu sem skrifa má á eða teikna		
Barnið mitt hefur aðgang að pappír til að teikna á og skrifa		
Barnið mitt á að minnsta kosti eina vísnaabók		
Barnið mitt á meira en eina vísnaabók		
Barnið mitt á að minnsta kosti 10 myndabækur		
Barnið mitt á að minnsta kosti 20 myndabækur		
Barnið mitt á að minnsta kosti 50 myndabækur		
Barnið mitt leikur sér í stafa og hljóðaleikjum í tölvu eða spjaldtölvu		
Barnið mitt á lesefni og leiki sem hjálpar því að læra bókstafina og hljóð þeirra		

Það sem ég eða annar fullorðinn gerir...	satt	ósatt
Ég eða annar fullorðinn heima les myndabók með barninu að minnsta kosti einu sinni í viku		
Ég eða annar fullorðinn heima les myndabók með barninu að minnsta kosti fjórum sinnum í viku		
Ég eða annar fullorðinn heima kennir barninu ný orð að minnsta kosti einu sinni í viku		
Ég eða annar fullorðinn heima kenni barninu ný orð á hverjum degi		
Ég eða annar fullorðinn heima á markvissar samræður við barnið a.m.k. einu sinni í viku (t.d. hvernig heldur þú að ís sé búinn til?)		
Ég eða annar fullorðinn heima á markvissar samræður við barnið næstum á hverjum degi		
Ég eða annar fullorðinn heima aðstoða barnið við að læra vísur		
Ég eða annar fullorðinn heima hvet barnið til að svara eða biðja um eitthvað í heilli setningu		
Ég eða annar fullorðinn heima fer með barnið á bókasafn eða í bókaúð að minnsta kosti annan hvern mánuð		

Það sem barnið sér mig eða annan fullorðinn gera...	satt	ósatt
Barnið sér mig eða annan fullorðinn lesa bækur, tímarit eða dagblöð að minnsta kosti einu sinni í viku		
Barnið sér mig eða annan fullorðinn lesa bækur, tímarit eða dagblöð nærri daglega		
Hvað er ég...	satt	ósatt
Ég er góður lesari		
Ég hef mikinn orðaforða		
Ég byrjaði að lesa myndabækur með barninu mínu áður en það varð eins árs		
Mér finnst gaman að lesa bækur með barninu mínu		
Ég vænti þess að barnið mitt geri sitt besta í skólanum		

Nú og áður hef ég hvatt og stutt barnið mitt...		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hvet barnið til að horfa á myndir eins og Stafakarlana		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hvet barnið mitt til að spila tölvuleiki þar sem bókstafir og hljóð koma við sögu		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu aðstoða barnið við að syngja stafavísur eða segja nöfn bókstafanna		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu aðstoða barnið við að læra heiti bókstafina		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hjálpar barninu að læra að skrifa bókstafina		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hjálpar barninu að læra að skrifa nafnið sitt		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hjálpar barninu að læra að skrifa nöfn fólks		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hjálpar barninu að læra hvernig á að ríma		
Ég eða annar fullorðinn á heimilinu hjálpar barninu að læra hljóð bókstafanna		

Teldu fjölda sannra fullyrðinga og settu töluna í reitinn hér til hægri	satt



30 – 37 Lestrarumhverfið á heimilinu styður vel við lestur barnsins.

20 – 29 Margir þættir í lestrarumhverfinu styðja við lestur barnsins.

11 – 19 Lestrarumhverfið styður að nokkru leyti við lestur barnsins.

0 – 10 Bæta þarf lestrarumhverfi barnsins.